

SELKÓRINN

á ferð um Austurland



4.-6. maí 2001

Tónleikar

- 4. maí kl. 20.30
- 5. maí kl. 15.00
- 6. maí kl. 16.00

Egilsstaðakirkja, Egilsstöðum
Félagsheimilið Mikligarður, Vopnafirði
Kirkju- og menningarmiðstöðin,
Eskifirði

Efnisskrá

Blessuð vertu sumarsól

Ingí T. Lárusson
Páll Ólafsson

Ég að öllum

Íslenskar þjóðvísur
Úts. Hallgrímur Helgason

Krummi svaf í klettagjá

Jón Thoroddssen
Úts. Jón Ásgeirsson

Tíminn liður trúðu mér

Íslenskar þjóðvísur
Úts. Árni Harðarson

Stóðum tvö í túni

Íslenskt þjóðlag
Úts. Hjálmar H. Ragnarsson

Veröld fláa

Vatnsenda Rósá
Úts. Haflidi Hallgrímsson

Lofið Herrann lýðir allir

Johann Sebastian Bach

Lobet den Herrn, alle Heiden BWV 230

Misa Criolla

Ariel Ramírez

Einsöngvarar: Jón Mattiasson

Stefán Hermannsson

Söngleikjatónlist

Irving Berlin

There's no business like showbusiness

Alexander's ragtime band

Puttin' on the Ritz

Blue skies

Always

God bless America (Afl fyrir Austurland)

Spinning Wheel

David Clayton Thomas
(Blood Sweat & Tears)

Fróðleiksmolar

Lobet den Herrn, alle Heiden BWV 230

Texti Módettunnar er lofgerðarsöngur, 117. Daviðssálmur, sem á þýsku hljóðar svo:

Lobet den Herrn alle heiden und preiset ihn alle Völker Denn seine Gnade und Wahrheit waltet über uns in Ewigkeit. Alleluja.

Á íslensku: Lofið Drottin allar þjóðir. Vegsamið hann allir lýðir, því að miskunn hans er voldug yfir oss og trúfesti drottins varir að eilifu. Halelúja.

Módettan, fjögurra radda, með bassafylgirödd var fyrst gefin út 1821 eftir handriti sem taldist með rithönd Bachs. Sumir hafa því freistast til að halda að verkið sé ekki eftir Bach, eða í besta falli æskuverk, vegna þess að það er ekki tengt tilgreindri jarðarför, eins og aðrar módettr hans, auk þess sem raddirnar líkjast viða hljóðfæralinum frekar en sönglínnum.

Lobet den Herrn hefst á hrinu brotinna hljóma sem Bach notaði oft í tónlist sem gaf til kynna lof og pris. Stefið sem síðan er stefnt gegn upphafsstefinu, "und preiset ihn" er af þeim toga sem Bach notaði stundum til að túlka fjölda eða afdráttarleysi. Þessi flóknar tveggja stefja vefur gliðnar síðan í kafla "Denn seine Gnade und Wahrheit" sem er hljómasettur eins og sámalag. Þegar orðið "ewigkeit" (eilífð) er nefnt þykknar þráðurinn á ný í annarri tvíþættri fígu. Lokakalinn (Alleluja) er fjörugur, nánast galsafenginn við fyrstu sýn, en eins og endranær þegar Bach á í hlut, býr þétt smið að baki, þar sem festa og endurtekning koma reglu á galsann með slungnum hætti.

Misa Criolla

Ariel Ramírez er frá Santa Fé í Argentínu fæddur 1921. Hann er sérfræðingur í þjóðfræði főðurlands sín og hefur gert viðtækar rannsóknir á sögu þess og þróun. Um miðja öldina stundaði hann rannsóknir á þjóðfræði Mið-Evrópu við Vínarháskóla. Hann var gerður að félaga í Rómönsku-Amerísku menningarstofnuninni í Madrid, en þar stundaði hann rannsóknir á uppruna argentískrar tónlistar.

"Misa Criolla" er óvenjuleg messa, byggð upp eins og aðrar messur með Kyrie, Gloríu, Credo, Sanctus og Agnus Dei, en með nokkuð óvenjulegri skipan í raddir og hljómsveit.

Ramírez samdi "Misa Criolla" árið 1963 en hún er einhvers konar samruni alþýðutónlistar og kirkjutónlistar. Hún er byggð á Suður-Amerískri þjóðlagatónlist, aðallega þó með ryhma og laglínum frá Argentínu.

Hljófæraskipan er nokkuð frjáls, en oft er messan flutt með ásláttarhljóðfærum, gítórum, pianóí (eða harpsichordi) og einsöngvurum.

Irving Berlin

Irving hét upphaflega Israel Baline, fæddur 1888 í Rússlandi. Hann flúði Rússland og hélt til Ameríku ásamt fjölskyldu sinni 4ra ára gamall. Þrátt fyrir erlendan uppruna varð Irving Berlin eitt helsta söngvaskáld Ameríku á öldinni. Irving Berlin lést árið 1989.

Selkórrinn

Starfsemi Selkórsins er ákaflega fjölbreytt en árlega heldur kórinn jóla- og vortónleika. Þrisvar hefur kórinn sungið á erlendri grundu. Fyrir nokkrum árum var farið í söngferð um Norðurlönd og sumarið 1995 söng kórinn á Zemplen listahátiðinni í Ungverjalandi. 1998 var haldið í söngferðalag til Ítalíu, en þar söng kórinn m.a. við hámessu í Algyðishofinu (Pantheon) í Róm.

Viðfangsefni kórsins eru af ýmsum toga bæði klassisk tónlist og léttari verk. Af stærri viðfangsefnum síðustu ára má nefna *Te Deum* eftir W.A. Mozart, *Messu i G-dúr* eftir Franz Schubert *Missa Brevis St Joannis de Deo* eftir Hydn, *Ástarvals* Brahms og *Jesu Meine Freude* eftir J.S. Bach. Í október 1998, í tilefni 30 ára afmælis kórsins, söng kórinn *Messu i C dúr k 220* eftir Mozart og *Requiem* eftir Gabriel Fauré ásamt Sinfóniuhljómsveit Íslands undir stjórn Bernharðar Wilkinsonar. Í maí 2000 sameinaðist kórinn Söngsveitinni Filharmoníu við frumflutning *Immanuels* eftir Þorkel Sigurbjörnsson ásamt Sinfóniuhljómsveit Íslands. Stjórnandi var Bernharður Wilkinson.

Jón Karl Einarsson stjórnandi

Jón Karl útskrifaðist frá tónmenntadeild Tónlistarskólans í Reykjavík árið 1976. Hann kenndi tónmennt við Barnaskóllann á Akranesi frá 1976 til 1979, er hann var ráðinn skólastjóri Tónlistarskólans á Akranesi. 1976 stofnaði hann Barnakór Akraness sem vann til verðlauna í alþjóðlegri kórakeppni á Spáni árið 1984. Jón Karl var ráðinn skólastjóri Tónlistarskólans á Seltjarnarnesi 1985 og stjórnandi þá kór Kennaraháskólans. Hann hefur verið stjórnandi Selkórsins síðan vorið 1991.

Hljómsveitin

Arndís Inga Sverrisdóttir	Pianó
Guðjón Þorláksson	Kontrabassi
Helgi Svavar Helgason	Slagverk
Jón Árni Þórisson	Gitar
Sigurður Július Grétarsson	Gitar